



Rannsókn: Félagslegar aðstæður pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík

Styrkþegi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Samantekt

Markmið rannsóknarinnar var að afla vitneskju um félagslega stöðu pólskra barnafjölskyldna í Reykjavík. Í desember 2010 var 481 fjölskylda með barn undir 18 ára aldri búsett í Reykjavík, þar sem a.m.k. annað foreldrið var með pólskt ríkisfang. Við lok árs 2010 var hringt í þessar fjölskyldur og þær beðnar að svara nokkrum spurningum í gegnum síma. Þátttakendur voru meðal annars spurðir um viðhorf þeirra til lífsins, reynslu þeirra af búsetu á Íslandi, atvinnustöðu og heimilisaðstæður og félagslegar aðstæður barna þeirra.

Helstu niðurstöður voru þær að pólsku fjölskyldurnar voru almennt ánægðar með heimilislíf sitt og húsnæðisaðstæður. Fjölskyldurnar áttu gott félagsnet og gátu reitt sig á stuðning vina og ættingja þegar þær þurftu á aðstoð að halda. Meirihluti þátttakenda (60%) hitti aðallega vini af pólskum uppruna en ríflega þriðjungur hitti álfka oft vini af íslenskum og pólskum uppruna. Mikill meirihluti hafði hugsað sér á búa áfram á Íslandi og nærri tveir af hverjum þremur hafði uppi áform um að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Að mati foreldranna vegnaði börnum þeirra vel í námi, leið vel í skólanum og stór hluti barnanna tók þátt í skipulögðu tómstundastarfi.

Þegar niðurstöður úr könnuninni voru bornar saman við niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir úrtak úr Þjóðskrá, kom í ljós að heimilistekjur Pólverja voru mun lægri en tekjur annarra barnafjölskyldna í Reykjavík auk þess sem pólsku þátttakendurnir voru frekar án atvinnu en almenningur.

Ásdís Arnalds annaðist framkvæmd könnunarinnar fyrir hönd Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, en rannsóknin var unnin í samstarfi við Hilmu Hólmfríði Sigurðardóttur, félagsráðgjafa Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Ástu Guðmundsdóttur, félagsráðgjafa hjá Barnavernd. Hyggjast þær nýta niðurstöður til að vekja athygli á því sem betur megi fara í skipulagi þjónustu við barnafjölskyldur af erlendum uppruna og í framhaldi að meta frekari þörf hópsins fyrir þjónustu innan borgarinnar.

Project: Social conditions of Polish families in Reykjavik

Grantee: Centre for Children and Family Research

Abstract

The aim of this study was to gather information on Polish families in Reykjavik. In December 2010 there were 481 families in Reykjavik with a child under the age of 18, where at least the other parent had a Polish citizenship. These families were asked to participate in a telephone survey, where they were asked questions on their attitudes towards aspects of life, experience of living in Iceland, employment status, housing and the social conditions of their children.

Main results: In general, the Polish families were happy with their family-life and living conditions and could seek help from friends and family when in need of support. The majority of participants (60%) met most often with Polish friends, but one third interacted with both Polish and Icelandic friends. A large majority felt they would continue to live in Iceland and 65% planned to apply for an Icelandic citizenship. In the views of the parents, the children did well in school and a large part of them were engaged in organized after-school activities.

Some of the findings were compared with findings from a survey among the general Reykjavik population. It turned out that the family income of Polish parents was much lower than the income of other parents in Reykjavik. In addition, the Polish participants were more likely to be unemployed than the general population.

The research was carried out in cooperation with two social workers at the Reykjavik municipality's Division of Welfare and the Agency for Child Protection. The social workers plan to use the findings to help provide better service for families of foreign origin.